

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 744/2003 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textíl- og leðurvörum.

1. gr.

5. viðauki, Arómatísk amín – niðurbrotsefni asólitarefna, orðast svo:

Viðurkenndar prófunaraðferðir.

Staðall	Heiti staðals	Skjal
CEN	Leðurvörur – Efnafræðilegar prófanir – Ákvörðun á tilteknum asólitarefnum í lituðu leðri	CEN ISO/TS 17234:2003
CEN	Textílvörur – Aðferðir til ákvörðunar á tilteknum arómatískum amínum sem myndast hafa við niðurbrot asólitarefna – 1. hluti: Ákvörðun á notkun tiltekinna asólitarefna sem greinast án útdráttar	EN 14362-1:2003
CEN	Textílvörur – Aðferðir til ákvörðunar á tilteknum arómatískum amínum sem myndast hafa við niðurbrot asólitarefna – 2. hluti: Ákvörðun á notkun tiltekinna asólitarefna sem greinast með útdrætti úr trefjum	EN 14362-2:2003

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/21/EB varðandi takmörkun á sölu og notkun asólitarefna (13. tækniádlögun að tilskipun ráðsins 76/769/EBE), sem vísað er til í 4. tlf. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2004, þann 30. október 2004.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 4. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.